

Náttúran í nýju ljósi

Fílar

Örstutt um myndbandið: Fíllinn er stærsta landdýr jarðar og í myndbandinu kynnumst við sögu fílsins og sambandi hans við manninn. Fjallað er um tegundir, atferli og líffræði þessara dýra sem talin eru meðal þeirra greindustu sem menn hafa tamið.

Efnisráður: Fílar eru af áttbálki ranadýra og eru þykkskinnungar. Aðeins eru eftir tvær tegundir af fílum í heiminum í dag, Asíufíllinn og Afríkufíllinn. Í myndbandinu er fjallað um helstu einkenni hvorrar tegundar og það sem er þeim sameiginlegt. Afríkufíllinn er töluvert stærr, hann er með söðulbak og gripsepar ranans eru frábrugðnir sepum Asíufílsins. Stærsti munurinn er þó á eyrunum, Afríkufíllinn er með miklu stærr eyru sem eru í laginu eins og heimsálfan sem hann býr í. Fílar eru grasbítar og éta 100-200 kg á dag og fullvaxinn fíll skilur eftir sig 136 kg af taði daglega. Kvendýrin lifa í hjörðum og er flókið félagskerfi innan þeirra. Karldýrin halda sambandi við kvendýrahjarðirnar með hljóðum sem myndast í uppblásnu enni þeirra og eru langt undir því sem mannseyrað greinir.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja sameiginleg einkenni fíla
- Að skilja hlutverk rana og skögultanna fílsins
- Að þekkja muninn á Asíufíl og Afríkufíl
- Að gera sér grein fyrir áhrifum fíla á búsvæði þeirra

Helstu atriði og hugtök:

- Asíufíll
- Afríkufíll
- þykkskinnungar
- ranadýr
- mörull
- mammútar
- hjörð
- hvítagull
- vistkerfi
- gresja
- tarfur
- kálfur
- kýr

Hugmyndir að verkefnum

- Endurvinnsla úrgangs, hvernig nýtist þessi mikli úrgangur fílsins?
- Búa til fílahjörð og gera sér grein fyrir samsetningu hennar, fjalla um fengitíma, far o.þh.
- Fjalla um hvernig fíllinn tekur þátt í mótun búsvæðis síns, bæði með niðurbroti gróðurs, svo og áburðar- og fræðreifingu
- Bera saman Afríku- og Asíufíl, líkamsgerð, atferli og hjálfun
- Bera saman meðgöngulengd, stærð, fjölda afkvana, hve fljótt þau verða sjálfbjarga og lengd umönnunar hjá nokkrum tegundum spendýra svo sem fíl, gný, mús og ljóni

Til umræðu:

- Meðalævilengd fíla, samanborin við ævilengd annara spendýra
- Samskipti fíla og manna
- Aðferðir fíla til kæðingar
- Hvernig hefur fíllstarfur samskipti við hjörðina?
- Fílaveiðar, hvers vegna voru þeir veiddir og af hverju þarf að friða þá?
- Hlutverk skögultanna. Hvaða fílar hafa ekki slíkar tennur og hvers vegna?

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: bygging og starfsemi lífvera; erfðir, aðlögun og þróun; einkenni og fjölbreytni lífvera; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt.

Tengsl við námsefni:

Lifandi veröld

Einkenni lífvera

Ætlun lífvera

Titill á frummáli: *Elephant*

Þýðandi og þulur: Þorsteinn Helgason